

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2018
1803011/0.4.1/rmj

Efni: Umsögn um mál nr. 127, frumvarp til laga um áfengislög (afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu).

Eftirfarandi umsögn um ofangreint frumvarp tekur fyrst og fremst mið af Lýðheilsusjónarmiði.

Áfengisvandi er rótgróinn hluti af íslenskri menningu. Til þess að takmarka og draga úr skaðlegum áhrifum áfengisneyslu er reynt að beita virkum aðgerðum. Takmarkað aðgengi að áfengi er stór hluti af þeim aðgerðum. Aðgengi að áfengi sýnir sig að hafa áhrif á heildarneyslu þess. Því meira aðgengi því meiri neysla. Þegar talað er um aðgengi er m.a. átt við fjölda útsölastaða áfengis, ríkiseinkasala áfengis, fjöldi og þéttleiki veitingastaða og hvort leyft sé að framleiða til eigin nota. Viðhorf til áfengis og notkun þess hefur einnig áhrif á heildarneysluna. Áfengi er ekki venjuleg vara og ætti framleiðsla þess að vera undir eftirliti og háð leyfum. Heimabrug er ekki einungis bruggun bjórs heldur eimun á sterku áfengi og geta aðstæður verið varasamar t.d. vegna hættu á slysum vegna aðstæðna eða veikinda. Að leyfa bruggun áfengis eins og lagt er til í umræddu frumvarpi er til þess fallið að færa til viðhorf til áfengis og notkun þess.

Allar breytingar á áfengislögum sem eru til þess fallnar að auka aðgengi að áfengi eða færa til viðhorf til áfengis munu leiða til aukinnar áfengisnotkunar og skaðlegum áhrifum. Skaðleg áhrif eru ekki einungis á þann sem drekkur heldur einnig á þriðja aðila t.d. maka, börn og ungmenni.

Allar aðgerir sem eru til þess fallnar að auka á heildarneyslu áfengis eru í andstöðu við stefnu stjórnvalda í áfengis og vímuefnum til ársins 2020. Góður árangur í forvörnum þ.e. minnkun í áfengisdrykkju unglinga undanfarna áratugi gæti einnig verið stefnt í voða.

Embætti landlæknis og fagråd embættisins í áfengis og vímuefnum varar því við því að eftirfarandi tillaga verði að lögum.

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir
sviðsstjóri Áhrifaþátta heilbrigðis

Sveinbjörn Kristjánsson,
verkefnastjóri